

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarkostnað starfsfólks á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Á fundi borgarráðs þann 15. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarkostnað starfsfólks á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

Hver er heildarkostnaður við starfsfólk á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara á síðasta ári og hver voru meðallaun?

Svar:

Á árinu 2018 voru á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að meðaltali 55 starfsmenn í 51 stöðugildi að stjórnendum og embættismönnum meðtöldum. Skiptist skrifstofan í eftirfarandi einingar:

Skrifstofu, mannauðsdeild, upplýsingadeild, Borgarskjalasafn og tölfræði og greiningu. Heildar launakostnaður á árinu 2018 var 597,5 milljónir sem skiptist í laun 485,8 milljónir og launatengd gjöld 111,7 milljónir.

Meðalheildarlaun fyrir 100% starf voru 772 þúsund kr.

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.